

**Skíðasamband Íslands**  
**Skíðaríng 22. – 23. maí 2009**



**Bláfjöllum**

## Efnisyfirlit

1. Þingsetning.....	3
2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar .....	3
3. Skýrsla stjórnar og nefnda .....	4
4. Reikningar SKÍ framlagðir .....	4
5. Ávörp gesta .....	5
6. Álit kjörbréfanefndar .....	5
7. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga.....	6
8. Reikningar bornir undir atkvæði.....	6
9. Fjárhagsáætlun lögð fram .....	6
10. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda.....	6
11. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar .....	7
12. Úthlutun móta og annarra verkefna .....	8
13. Nefndarálit kynnt .....	8
14. Tillögur og ályktanir afgreiddar.....	11
15. Kosningar.....	18
16. Önnur mál .....	19
17. Þingslit .....	20

## Föstudagurinn 22. Maí 2009 - fyrrihluti þings

### 1. Þingsetning

Daníel Jakobsson setti þingið og bauð alla velkomna. Þingsetning var föstudaginn 22. maí kl. 18:15 og áætluð þinglok laugardaginn 23. maí kl. 17:00.

### 2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar

Kosnir / tilnefndir voru sem embættismenn þingsins:

Þingforseti nr.1 var kosinn Friðrik Einarsson

Þingforseti nr. 2 Kristján Vilhelmsson

Þingritari nr. 1 var kosinn Fanney Sigrún Ingvadóttir

Þingritari nr. 2 Þórunn Sif Harðardóttir.

Þingforseti Friðrik Einasson þakkaði fundarmönnum traustið og gekk beint til dagskrár. Áætlað er að þingfundur standi til klukkan 21 þá verður gert hlé að honum loknum verður málstofa um unglिंगastarf. Nefndir starfa á laugardegi frá klukkan 10 – 12 á hádegi. Þing hefst svo að nýju klukkan 13 á laugardeginum 23. maí.

Þingforseti staðfesti að löglega væri til þingsins boðað.

Næsta mál var að kjósa starfsnefndir – kjörbréfanefnd og kjörnefnd.

*Kjörbréfanefnd* – hlutverk er að safna saman kjörbréfum og fara yfir þau, tilkynna hvað margir eru mættir til þings og hversu margir atkvæðabærir þingfulltrúar eru á svæðinu.

Tilnefnd í kjörbréfanefnd voru þau Auður Björg Sigurjónsdóttir, Óskar Óskarsson og Margrét Melstað.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

Auður Björg Sigurjónsdóttir fór fyrir nefndinni.

*Kjörnefnd* – hlutverk er að finna fulltrúa í embætti í þær nefndir sem kosið verður um í dag og einnig í stjórn sambandsins.

Tilnefnd í kjörnefnd voru þau Björn Gunnarson, Jóna Lind Karlsdóttir og Smári Þorvaldsson.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

Björn Gunnarson fór fyrir nefndinni.

Þingforseti ákvað að liðurinn ávörp gesta sem átti að vera næstur samkvæmt þingdagskrár yrði færður aftur fyrir skýrslu stjórnar og reikningar sambandsins. Gengið var því beint til skýrslu stjórnar.

### 3. Skýrsla stjórnar og nefnda

Formaður sambandsins, Daníel Jakobsson kynnir skýrslu stjórnar. Bendir á að eingöngu skýrsla stjórnar verður kynnt hér aðrar skýrslur er hægt að finna í greinargerð sem fundarmenn hafa. Nýja skýrslu stjórnar er einnig hægt að skoða á heimasíðu SKÍ. Daníel sagðist stoltur af nýju heimasíðunni sem væri mjög aðgengileg. Þar væri gott að halda utan um birtingu úrslita á mótum og einnig hefði verið boðið uppá þá nýjung að hafa beinar sjónvarpsútsendingar frá Landsmóti vetrarins og Andrésar Andarleikunum. Útsendingarnar virkuðu mjög vel og voru áhorfendur Andrésarleikanna um 5000 talsins. Beinar útsendingar eru frábært tæki sem geta gegnt lykilhlutverki á mótum í framtíðinni. Einnig er hægt að auka tekjuliði sambandsins með auglýsingum og fleiru tengdu útsendingunum. Daníel minntist einnig á að með tilkomu nýju heimasíðunnar hefur álagið aðeins minnkað á skrifstofu sambandsins.

Varðandi landsliðin bæði karla og kvenna. Auk hefðbundins starfs voru mót í Val d'Isere, heims mestarmót í Garmish, einnig fór ÍSÍ á ólympíuhátíð æskunnar í Póllandi með 10 keppendur. Það sem stendur upp úr á vetrinum er árangur Björgvins Björgvinssonar í Sagreb. Þar sem hann endaði í 24 sæti. Björgvin er í 76 sæti á heimslista endar væntanlega í topp 75 vegna þeirra sem er að detta út – (er nú þegar í 75 sæti innskot Guðmundur Jakobsson). Strákarnir í landsliðinu stóðu sig allir mjög vel í vetur. Nú verðum við einnig að fara að huga að yngri keppendum.

Á Íslandi þurfti ekki að færa til mót í vetur vegna veðurs og aðstæðna eins og oft hefur þurft áður. Mótin voru öll vel undirbúin og haldin á þeim stöðum sem ákveðnir voru – allt flott mót. Þurfti lítið að færa bikarmótin til aðeins að breyta dagskránni. Mótahald gekk því mjög vel sem kemur fram í að skíðasambandið nýtur tekjur í mótahaldi. Áhyggjuefni sem allir þurfa að taka til sín er að eingöngu voru 6 keppendur í skíðagöngu á UMÍ 2009. Ekki er hægt að láta hjá líðast að nefna Fossagönguna á Ísafirði, umgjörð um það mót var frábær – þyrfti að taka það til fyrirmyndar. 300 keppendur voru á því móti - fjöldi erlendra keppenda. Frábær viðburður. Óskar Ísfirðingum til hamingju með mótið.

Fjármál – neikvæð upp á 750 þúsund, ein milljón í tapi, útgjaldarauking um 10 milljónir. Afskrifaðar kröfur upp á 650 þús. Gríðarlega góður árangur miðað við þá stöðu sem er í dag í þjóðfélaginu.

SKÍ farin að innheimta mótagjöld sem skilar sér betur fyrir alla. 2,7 milljónir fóru í rekstur skrifstofunnar. Staða íþróttarinnar er mjög góð vegna þess að veturinn var mjög góður. Íþróttin er gríðarlega stór þó að félagsskráningar sýna það kannski ekki en stór hópur almennings stundar sportið. Gaman að sjá upbygginguna á mörgum skíðasvæðum. Lykilatriði er að fjölga launuðu starsfólki í greininni sem geta séð um daglegan rekstur félaganna – svo að sjálboðaliðinn geti einbeitt sér að öðrum verkum.

Daníel þakkar kærlega fyrir samstarfið í vetur.

### 4. Reikningar SKÍ framlagðir

Óskar Garðarsson gjaldkeri talar fyrir reikningum. Allir fundar meðlimir hafa reikninga fyrir framan sig til hliðsjónar.

Óvissa með úthald á landsliði fyrir veturinn – lá fyrir að kostnaður yrði meiri. Náðist í aukatekjur til að standa straum af kostnaði.

Plön um handbók SKÍ var slegið af vegna þjóðfélagsástandsins. Handbókin kom því ekki út. Ásættanleg niðurstaða – vitum hvernig við förum inn í næsta vetur – gerum ráð fyrir slæmu

ástandi. Styrktaraðila – náð að halda flestum styrktaraðilum inni. Fyrirtæki hafa líka lent í áföllum. Tiltölulega jákvæðir um að ná halda þeim inni næsta vetur.

## 5. Ávörp gesta

*Helga Steinunn Guðmundsdóttir* framvæmdarstjóri ÍSÍ – farastjóri í Póllandi.

Biður fyrir kveðjur Ólafs forseta ÍSÍ sem er fastur á Kastrup gat því ekki verið með ykkur. Íþróttáþing er ný afstaðið. Það var mjög gott þing engin æsingur í mönnum og margar góðar tillögur komu fram. Helga segist spennt fyrir endurskoðun á innra og ytra starfi ÍSÍ því alltaf megi bæta gott starf. Hún er í forsvari fyrir ferðasjóðinn okkar og hefur átt gott samstarf við SKÍ vegna úthlutunar úr sjóðnum. Hún hvetur félögin til að sækja um í sjóðinn og biður um athugasemdir varðandi vinnu á því. Sjóðurinn fékk úthlutað peninga til 3 ára - nú er komið að því að þurfa að sækja á ríkið til að fá meiri pening og vill að þau fái árlegt framlag.

Hvetur til að nota starfsemi fræðslustjóra ÍSÍ því þangað sé hægt að leita eftir aðstoð. Fræðslustjóri er staðettur á Akureyri.

Helga var fararstjóri í Póllandi með ÍSÍ. Ferðin byrjaði vel þar sem allur farangur komst til skila sem var ótrúlegt vegna þess hversu mikill og þungur farangurinn var. Allir komust heilu og höldnu á hótél. Hinsvegar var veðrið skrítið það snjóaði allan tíma og var mikil ófærð. Þetta bitnaði mest á göngu- og alpagreinakrökkunum þar sem þau fengu ekki skíðalega nóg út úr þessu. Krakkarnir stóðu sig öll frábærlega og má á því sjá að skíðasambandið elur vel upp sín börn.

*Friðrik Einarsson* Þingforseti sagði nokkur orð. Hann situr í framkvæmdarstjórn ÍSÍ þar sem hann fékk úthlutað formennsku á afrekssviði. Hefur átt gott samstarf við skíðasambandið. Minntist á að það sé stór vetur framundan Ólympíuleikarnir í Vancouver, Vetrarólympíuleikar æskunnar ofl.

Gerir hlé á dagskrá - Matur

## 6. Álit kjörbréfanefndar

Björn Gunnarsson kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. 7 kjörbréf fengin. Fjöldi þingfulltrúa sem eru mættir eru 27 af 40 sem hafa rétt til setu.

- Skíðaráð Reykjavíkur með 7 fulltrúa og 7 mættir,
- Skíðafélag Akureyri með 5 fulltrúa og 5 mættir,
- Skíðafélag Ísafjarðar með 5 fulltrúa og 5 mættir,
- Breiðablik með 3 fulltrúa og 2 mættur,
- Sauðárkrókur með 3 fulltrúa og 3 mættir.
- Skíðafélag Dalvíkur með 4 fulltrúa og 4 mættir,
- Skíðafélag Ólafsfirðinga með 4 fulltrúa og 1 mættur

Það vantar fulltrúa frá ÚÍA, HSP, HSH, Skíðafélag Siglufjarðar og VÍH.

Þingforseti þakkar kjörbréfanefnd fyrir sín störf og minnir á að þegar kemur að atkvæðagreiðslu á þinginu þá eru 27 atkvæðabærir aðilar.

## **7. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga**

Þingforseti bauð þingmönnum að tjá sig um skýrslu stjórnarinnar. Enginn tók til máls.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdarstjóri ÍSÍ tók til máls. Nefndi að hægt væri að príska sig sæla að það sé ekki meiri halli á starfseminni sé tekið tillit til þess að aðalstarfið fer fram erlendis. Hinsvegar þarf að halda vel utan um hlutina til að halda sjó þetta ár og næsta ár.

Nefnir að varðandi tekjur í gegnum lottó þá séu áætlanir nokkuð góðar eins og staðan er í dag. Þakkar fyrir greinargóða skýrslu og reikningayfirliti. Vill einnig minnast á eflingu skíðagöngunnar.

Friðrik þakkar Líneyju fyrir góð og hlý orð.

## **8. Reikningar bornir undir atkvæði**

Þingforseti bar reikninga sambandsins undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

## **9. Fjárhagsáætlun lögð fram**

Daníel Jakobsson formaður lagði fram fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2009-2010 og renndi yfir helstu atriði hennar, allir fundarmenn höfðu hana fyrir framan sig. Kosið í fjárhagsáætlunarnefnd á síðasta þingi – starf hennar gekk mjög vel.

1,5 milljóna afreksmannasjóður var greiddur út – Björgvin og ungir og efnilegir.

Mótanefnd stór póstur skilar sambandinu 4,4 milljónir, aðildarfélögum 3,5 milljónir.

19,5 milljónir í starfsemi alpagreinaneftdar tvisvar sinnum meira en áður er gert ráð fyrir. Skíðagöngunefnd er með minni umsjón auðveldara að halda áætlun þar.

Gert er ráð fyrir svipaðri upphæð í styrkiog áður - eins með FIS styrki.

Vonar að fjármunir sem áætlaðir eru fyrir alpagreinaneftnd haldi genginu – og að laun þjálfara hækki ekki miðað við gengið.

Sótt um 2 milljónir frá styrktaraðila.

Auglýsingatekjur með útgáfu handbókar gæti orðið.

Allt óbreytt varðandi laun og rekstur skrifstofunnar fyrir utan funda- og ferðakostnaðar. Alþjóðaping FIS verður haldið í Tyrklandi í júní 2010, senda verður tvo fulltrúa á það. Sambandið verður að leggja út fyrir þeirri ferð en fær það svo greitt ári seinna.

Mótanefnd óbreyttar tölur – telja að í afgang verði 15,4 milljónir.

Gert ráð fyrir 13,7 milljónum til alpagreinaneftdar og 1,7 milljón til skíðgagöngunefndar.

## **10. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda**

Þingforseti Friðrik Einarsson

Þingskjal nr. 1 – Fjárhagsáætlun

Þingskjal nr. 2 – Tillaga að breyttum útreikningum til Bikarmeistara SKÍ

Þingskjal nr. 3 – Reglugerð um Andrésar Andar leikana.

Þingskjal nr. 4 - Trimmneftnd SKI leggur til tillögu að breytingu.

**Pingskjal nr. 5** – Gjaldskrá skíðasambandsins

Umræða um þingskjölin fer fram í nefndum og tekið til atkvæðagreiðslu á laugardag.

**Pingskjal nr. 2** – tillaga lögð fram af Breiðabliki og Skíðaráði Reykjavíkur að breyttum útreikningum til Bikarmeistara SKÍ. Var kynnt í haust á formannafundi

Auður Björg Sigurjónsdóttir mælir fyrir þeirri tillögu. Felur í sér að fleiri keppendur hafa möguleika til að keppa til bikarmeistara. Mikið hugleitt og ákváðu að leggja til þessa tillögu.

Vísað til alpagreinanevndar og skíðagöngunefndar

**Pingskjal nr. 3** - tillaga lögð fram af Skíðafélagi Akureyrar. Björn Gunnarsson mælir fyrir þeirri tillögu.

Varðar keppnisgjald á Andrésar Andar leikunum sem skiptist jafnt á milli SKÍ og félagsins (SKA). Kostnaður vegna leikanna er mikill hjá SKA en ekki eins hjá SKÍ. Sneið SKA er því ekki nægilega stór til að réttlæta muninn. Hlutur SKÍ skerðist á móti verður SKA hlutur meiri. Finnst að leikarnir eigi frekar heima í gjaldskránni sem almenningsgöngur, ekki sem unglingsmeistarmót eða bikarmót.

Vísað til útbreiðslu og fjárhagsnefndar

**Pingskjal nr. 4** – tillaga lögð fram af Trimmnefnd SKÍ.

Einar Yngvason mælir fyrir þeirri tillögu. Leggja tillöguna fram vegna þess að hún passar ekki samkvæmt FIS reglum – byggt á reglum sænska skíðasambandsins. Vilja vera löglegir

Vísað til skíðagöngunefndar.

### ***11. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar***

Á þinginu verða 3 nefndir – Alpagreinanefnd, Skíðagöngu- og Trimmnefnd og Útbreiðslu- og Fjárhagsnefnd. Starf þessara nefnda hefst klukkan 10 á laugardeginum 23. maí. Þar ræða nefndir þau þingskjöl sem vísað var til þeirra. Gert er ráð fyrir 2 klst fyrir störf þeirra á morgun. Þingforsesti hvetur til að umræður verði góðar og gagnlegar.

**Fundur frestað til laugardags.**

## Laugardagurinn 23. maí 2009 klukkan 13 - seinnihluti þings

### 12. Úthlutun móta og annarra verkefna

Úthlutun Skíðamóts Íslands og Unglingameistaramóts. Liggur fyrir að SMÍ 2010 verði á Dalvík / Ólafsfirði og UMÍ 2010 verði í Reykjavík.

### 13. Nefndarálit kynnt

**Fjárhags og útbreiðslunefnd** - Óskar Garðarson kynnir hvernig tekið var á þingskjal númer 1, 3 og 5.

Umræður í nefndinni voru góðar og málefnalegar. Almennt má sega að menn hafi áhyggjur af kostnaði varðandi búnað við mótahald ofl. Umræður hafa komið upp að stjórn SKÍ vilja efla skrifstofuna á Akureyri.

Komu fram 2 ályktanir –

**Ályktun 1** (varðandi gjaldskrá Andrésar Andarleikanna)

Tilvísun hefur komið frá menntamálaráðuneytinu um að halda betur utan um iðkendur. Því þarf að stilla gjaldi lyftukorta í hóf til að draga úr kostnaði fyrir iðkendur.

**Ályktun 2** – að mögulegt sé að gefið sé út kort til nota á öllum skíðasvæðum á landinu svokallaður heildarpassi. Skoða hvort að það sé framkvæmdarlegt.

#### Þingskjal nr. 1

Voru ekki gerðar efnislegar breytingar á fjárhagsáætluninni. Athugasemd kom fram vegna 0. kr- framlags til fræðslumála. Námskeið sem teljast undir fræðslumál eiga að standa undir sér. Einnig vildu þau benda á að það fer fram fræðsla á skrifstofu SKÍ.

#### Þingskjal nr. 3

Afrakstur leikanna hefur ekki verið nægjanlegur fyrir félagið (SKA) því væri það æskilegt að skíðafélagið geti innheimt mótsgjald ofan á keppnisgjald. Efnislega vilja þeir ekki lækka tekjur til SKÍ heldur frekar leggja ofan á mótsgjald.

6.grein hljóði þannig: Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein. Þó skal aldrei taka hærra gjald fyrir hvern keppanda en sem svarar þáttöku í tveimur greinum og er það ekki afturkræft þó hann komi ekki til leiks. Skal greiðsla keppnisgjalds berast ásamt þáttökutilkynningum 15 dögum fyrir mótsgjald.

#### Þingskjal nr. 5 - Gjaldskrá SKÍ

Leggja til breytingar – gjöld fyrir eftirlitsmenn hækka úr 15 þúsund í 18 þúsund krónur. Dagpeningar eftirlitsmanna hækki úr 10 þúsund í 13 þúsund.

Varðandi mótsgjöld – ekki breyting á greininni – heldur orðalag sama gjald kr. 5 þús



**Skíðagöngu- og trimmnefnd** - Ólafur og Björgvin koma upp og kynna hvernig tekið var á þingskjölum 2 og 4.

**Þingskjal nr. 2** til umsagnar.

3 bikarmót í skíðagöngu – keppt í 3 greinum – heild 12 greinar sem reiknast til bikarstiga. Þurfa að skoða betur varðandi skíðagönguna.

**Þingskjal nr. 4**

Vegalengdir í almenningsgöngum

Nefndin styður breytinguna – viðbót í almenningsgöngum.

**Nefndarstarf.**

Landsliðsmálin – upplegg er að velja í landslið á næstu dögum og tilkynna það. Leggja upp planið hver eru verkefni sem á að fara í og hvaða kröfur eru gerðar til landsliðsmanna.

Velja ekki í B landslið í lok árs – gefa út hvaða þarf að gera til að uppfylla skilyrðin sem sett eru til að komast þarna inn.

Breyta þjálfaramálum – fá nú peninga til að gera þar breytingar.

Mótahald: vilja fá reglur fyrir mótshaldara – sum mót eru frábærlega vel unnin önnur alls ekki. Vilja búa til betri umgjarðir í kringum mótin – til hvatningar.

Aðgengi að fjölmiðlum – þyrfti að vera betri. Morgunblaðið gerði Skíðamóti Íslands góð skil en ekki RÚV. Umfjöllun um bikarmót – t.d. úrslit eru ekki að skila sér til fjölmiðla. Hreyfingin þarf að taka betur á.

Aukning hefur verið í almenningsgöngum

Verkefni : samæfingar sumar og haustæfingar – og opnar landsliðæfingar. Æfingar gengið vel – vandræði með tímasetningar og annað. Skíðafélögin þurfa að vinna betur saman að þessum verkefnum – með t.d. sameiginlegum æfingum fjölskylduæfingum í sumar, félögin fari saman í ferðir erlendis t.d. til Svíþjóðs og Noregs.

Benda á að félögin yti á skíðagöngukrakkana að mæta á Kópabrek

Menn í nefndinni voru sammála um að vera sammála

**Alpagreinanefnd** - Einar Þór Bjarnason mælir fyrir þeirri nefnd og kynnir hvernig tekið var á þingskjali 2.

**Þingskjal nr. 2** - breytingartillaga

Nefndin var sammála innihaldinu en vildi skýrari orðalag á skjalinu þ.e. að fjöldi móta í hverjum flokki verði mismunandi.

*Árlega skal fara fram .... í flokkum 13 til 14 ára og 15 - 16 ára koma 3 bestu mót í svigi og 3 bestu mót í stórsvigi til útreiknings til bikarmeistara einstaklinga. Í flokki 17 – 19 ára og í flokki fullorðinna koma 4 bestu mót í svigi og 4 bestu mót í stórsvigi til útreiknings til bikarmeistara einstaklinga.*

**Nefndarstarf:**

Í nefndarstarfinu komu fram ályktanir og áskoranir sem beint er til þingsins:

**Ályktun 1** – *Skíðaþing 2009* skorar á stjórn SKÍ að hlutast til um að setja á eitt mót sem ígildi meistarmóts í flokki 11 og 12 ára á miðjum vetri.

Vilja sjá skýrari umgjörð að unglिंगameistaramóti og að þriðja greinin sem fer fram á meistaramótinu verði ekki kallað aukamót (samhliðasvigi).

Varðandi afreksmál – kallaði fundurinn eftir gagnsæjum upplýsingum þ.e. vilja betri upplýsingar til hreyfingarinnar. Vilja sjá skýrari reglur og kalla eftir afreksstefnu:

**Áskorun 1** - *Alpagreinafundur* skorar á *alpagreinanevnd* að boða til haustfundar til að leggja fram reglur um val í skilgreind verkefni og lið á vegum *alpagreinanevndar* sem og keppnisrétt á stórmótum. Þarf að bjóða þjálfurum og formönnum á þennan fund til að ræða þessar reglur þannig að um það skapist friður.

Í tengslum við umræðu um unglिंगamál innan nefndarinnar kom upp áskorun:

**Áskorun 2** - *Leggur til að alpagreinafundur* skori á *skíðaþing* um að hlutast til um að það verði stofnað foreldraráð yfir unglinga eða barnaflokkana. Skipaður verði einn fulltrúi frá hverju félagi sem fer inn í þessa nefnd. Fulltrúarnir beri þar saman bækur sínar.

Áskorunin var ekki tekin til atkvæðagreiðslu.

Vilja einnig benda á að upplýsingamiðlun til fjölmiðla mætti vera betri.

Önnur mál: fram kom á fundi nefndarinnar eftirfarandi ósk sem var samþykkt.

**Áskorun 3** - *Hr. Björgvín Björgvinsson*

*Skíðaþing* sendir þér hamingju óskir með árangur vetrarins, þakkar þér fyrir frábært framlag þitt til skíðaíþróttarinnar á Íslandi hvetur þig jafnframt til frekari dáða í framtíðinni.

## 14. Tillögur og ályktanir afgreiddar

### Pingskjal nr. 3

**Skíðaðing 2009**  
haldið í Bláfjöllum 22.-23. maí



## PINGSKJAL nr. 3\_\_

### Reglugerð um Andrésar Andar leikana

Stjórn SKA leggur fyrir Skíðaðing 2009 eftirfarandi tillögu um breytingu á reglugerð um Andrésar Andar leikana.

Í 8. grein segir:

Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein. Þó skal aldrei taka hærra gjald fyrir hvern keppanda en sem svarar þáttöku í tveimur greinum og er það ekki afturkræft þó hann komi ekki til leiks. Skal greiðsla keppnisgjalds berast ásamt þáttökutilkynningum 15 dögum fyrir mótisdag.

#### **BREYTING:**

Mótshaldari ávarðar mótsgjald. Fyrir þáttöku í einni grein innheimtist einfalt keppnisgjald. Keppi þáttakandi í tveimur eða fleiri greinum þá innheimtist tvöfalt keppnisgjald. Kveðið er á um hlut SKÍ af keppnisgjaldi í gjaldskrá SKÍ, en það sem eftir stendur rennur óskipt til mótshaldara. Mótsgjald ásamt þáttökutilkynningu skal berast mótshaldara eigi síðar en 15 dögum fyrir upphaf móts. Mótsgjald er óafturkræft.

Jafnframt er lagt til að keppnisgjald vegna Andrésarleikanna sé lækkað til samræmis við gjald sem innheimt er fyrir almenningsgöngur.

**Vísað til:**  Alpagreinaneindar  Skíðagönguneindar  Útbreiðslu- og fjárhagsneindar

**Afgreiðsla:**  Samþykkt  Fellt

Liggur fyrir breytingatillaga

Í stað þess sem SKA leggur til .....jafnframt hefur mótshaldara heimild til að leggja fram mótsgjald sem rennur óskipt til mótshaldara.

Breytingatillagan er samþykkt

Pingskjal 5

**Gjöld til SKÍ 2008-2009**

• Félagsgjald	kr. 15.000 pr. hérað og 5.000 pr. félag	
• Gjald fyrir eftirlitsmannanámskeið	kr. 12.500 pr. hérað	
• Gjald fyrir eftirlitsmann á mótum	kr. 15.000 pr. mót	
• Dagpeningar eftirlitsmanns	kr. 10.000 pr. keppnisdag gr. ½ af MH ½ SKÍ	
• Gjald fyrir keppnisleyfi SKÍ	kr. 5.000	
o Aukaálag eftir 1. desember	kr. 3.000	
• Gjald fyrir keppnisleyfi FIS	skv. ákvörðun FIS 2.400.-	
o Prefalt gjald eftir 1. september		
• Gjald fyrir félagaskipti	kr. 10.000	helmingur til SKÍ
• Móttagjöld:		
o Bikarmót SKÍ	kr. 2.000 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o FIS og <del>SKÍ</del> Skíðamót Íslands	kr. 5.000 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o Skíðamót Íslands	kr. 3.500 pr. grein	helmingur til SKÍ
o Entry League FIS mót	kr. 2.500 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o Unglingameistaramót	kr. 2.000 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o Andrés Andar leikar	kr. 2.000 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o Almenningsgöngur 12-15 ára	kr. 1.000 pr. grein	helmingur til SKÍ
o Almenningsgöngur 16 ára og eldri	kr. 2.000 pr. grein	helmingur til SKÍ

Mótshaldara er skylt að gera upp við SKÍ samkvæmt reglugerð um Innheimtu móttagjalda.

Endurskoðist árlega á skíðaþingi.



**Skíðaping 2009**  
haldið í Bláfjöllum 22.-23. maí

**ÞINGSKJAL nr. \_5\_**

**Gjöld til SKÍ 2008-2009**

• Félagsgjald	kr. 15.000 pr. hérað og 5.000 pr. félag	
• Gjald fyrir eftirlitsmannnámskeið	kr. 12.500 pr. hérað	
• Gjald fyrir eftirlitsmann á mótum	kr. 18.000 pr. mót	
• Dagpeningar eftirlitsmanns	kr. 13.000 pr. keppnisdag gr. ½ af MH ½ SKÍ	
• Gjald fyrir keppnisleyfi SKÍ	kr. 5.000	
o Aukaálag eftir 1. desember	kr. 3.000	
• Gjald fyrir keppnisleyfi FIS	skv. ákvörðun FIS 2.400- þarf að fara í 3.600	
o þrefalt gjald eftir 1. september		
• Gjald fyrir félagaskipti	kr. 10.000	helmingur til SKÍ
• Móttagjöld:		
o Bikarmót SKÍ	kr. 2.000 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o FIS og Skíðamót Íslands sem jafnframt er FIS mót	kr. 5.000 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o Skíðamót Íslands	kr. 3.500 pr. grein	helmingur til SKÍ
o Entry League FIS mót	kr. 2.500 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o Unglingameistaramót	kr. 2.000 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o Andrés Andar leikar	kr. 2.000 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o Almenningsgöngur 13 ára og eldri		
o vegalengd styttri en 20 km.	kr. 1.000 pr. grein	helmingur til SKÍ
o Almenningsgöngur 16 ára og eldri		
o vegalengd 20 kg og lengri	kr. 2.000 pr. grein	helmingur til SKÍ

Mótshaldara er skylt að gera upp við SKÍ samkvæmt reglugerð um Innheimtu móttagjalda.

Endurskoðist árlega á skíðapingi.

**Vísað til:**  Alpagreinanefndar  Skíðagöngunefndar  Útbreiðslu- og fjárhagsnefndar

**Afgreiðsla:**  Samþykkt  Fellt

Leggja fram breytingar varðandi gjaldskrá.

Breyting varðandi eftirlitsmenn - hækka gjald fyrir þá og dagpeninga – taka út krónutölu háð gengi. Skíðamót Íslands sem jafnframt er FIS mót óbreytt gjald.

Frítt fyrri 12 ára og yngri í allar almenningsgöngur

Almenningsgöngur 13 og eldri fyrir vegalengdir styttri 20 km er 1000 kr

Almenningsgöngur 13 og eldri fyrir vegalengdir lengri en 20 km er 2000 kr

Tillaga samþykkt samhljóða.

## **Þingskjal 1**

Liggur fyrir tillaga frá nefndinni að halda því óbreyttu.

Komu fram athugasemdir á alpagreinafundinum. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir meiru til mannvirkjanefndar en 100 þús krónur og fræðslunefnda (ekki nefnd tala). Vildu eyrnamerkja fé til unglíngamála 2 milljónir.

Á að taka þetta af einhverju eða eru þetta viðbótargjöld – tillagan er sú að alpagreinaneftnd hafi eyrnamerkt 2 milljónir til unglíngamála með sinni fjárhagsáætlun (13,7 milljónir), mannvirkjanefnd er ný krónutala.

Daníel segir að ástæða fyrir engum pening til unglíngmála – enginn keppandi er styrktur af SKÍ heldur með þjálfurum og bifreiðakostnaði (rekstur). Unglíngar hafa greitt allan eigin kostnað - framlag SKÍ er skipulagning og þjálfarakostnaður. Erum að setja miklu meira en þessa upphæð í þetta starf. Vill því að alpagreinaneftnd haldi sinni áætlun fyrir sig. Alpagreinaneftnd hefur 33 milljónir - keppendur greiða 13 milljónir.

Mannvirkjanefnd og fræðslunefnd standi undir sér sjálfar.

Skíðgöngunefnd – halda sér innan þess fjárhagsramma sem þeim voru settir. Vilja fá hærri tölu heldur en sett var fram fyrir næsta tímabil eru með 3 landsliðsmenn – vilja halda utan um starfið betur.

Friðrik talar um að koma út í tapi 400 þús í stað hagnað upp á 270 þús. ber upp til afgreiðslu að skíðagöngunefnd fái 500 þús, í viðbót (2,2 milljónir) mannvirkjanefnd fái 100 þús. Átti sig á að hækkinin valdi tapi.

Skíðagöngunefnd samþykkt.

Mannvirkjanefnd samþykkt með 7 atkvæðum á móti 6.

Þingskjalið gerir ráð fyrir 400 þús krónum í tap en ekki 200 þús krónu hagnað eftir þessa samþykkt. Vantar 600 þús krónur til að vera réttum megin við 0 miðað við vaxtargj.

Árni kemur með tillögu að hækka mótsgjald um 100 krónur – ekki klárað.

Óskar kom með tillögu að annar rekstrarkostnaðuri lækki úr 3 milljónum í 2,8 milljónir, fundar- og ferðakostnaður lækki úr einni milljón niður í 800 þús (lækkar um 200 þús) heildarlækkun upp á 400 sem skilar áætlun 900 þús krónu hagnaði.

Þingskjal er lagt fram með þessum breytingum – hagnaði upp á 900 þús

Samþykkt samhljóða.

## Þingskjal 4

## Skíðaping 2009

haldið í Bláfjöllum 22.-23. maí

ÞINGSKJAL nr. 4

Trimmefnd SKI leggur til tillögu að breitingu á reglu nr.312.1.1 sem fjallar um leyfinlegar keppnisvegalemdir.

Breitingin varðar almenningsgöngur og leggjum við til að því verði bætt inn í reglu 312.1.1 eins og hér segir.

## 312.1.1

Keppnisgöngur

Aldur Allt að

Almenningsgöngur

Aldur Allt að

9 ára og yngri	2,0 km
10 ára og 11 ára	3,0 km
12 ára og 13 ára	5,0 km
14 ára og 15 ára	7,5 km
15 ára	10,0 km
16 ára og 17 ára	15 km
18 ára og 19 ára	30 km
20 ára og eldri	100 km

8 ára og yngri	7 km
9 og 10 ára	10 km
11 og 12 ára	15 km
13 og 14	30 km
15 ára	30 km
16 ára og eldri	ótakmarkað

sjá einnig 331.1-3.

Í alþjóðamótum, sjá FIS reglur 312.1.1.

Viðað til:  Alpagreinaneftndar  Skíðagöngunefndar  Útbreiðslu- og fjárhagsneftndar

Afgreiðsla:  Samþykkt  Fellt

Þingskjal 4 samþykkt samhljóða

## Þingskjal 2



**Skíðaðing 2009**  
haldið í Bláfjöllum 22.-23. maí

## ÞINGSKJAL nr.   2

### Tillaga að breyttum útreikningum til Bikarmeistara SKÍ

SKRR og Skíðadeild Breiðabliks leggja til að breytt verði reglugerð um útreikninga á bikarstigum SKÍ. Breytingarnar sem við leggjum til eru að aðeins þrjú af fjórum bikarmótum hvers einstaklings gildi til stiga, og skal þá velja þrjú bestu mót hvers keppanda.

#### Útreikningur á bikarstigum -

1. Aðlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í svigi og stórsvigi í öllum flokkum 13 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr Bikarmótum, Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita.

#### Tillaga að breytingu:

1. Aðlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í svigi og stórsvigi í öllum flokkum 13 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr Bikarmótum, Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands. *Aðeins þrjú af fjórum bikarmótum hvers einstaklings gilda til úrslita, og skal þá velja þrjú bestu mót hvers keppanda.*

### Rökstuðningur

Með þessum breytingum teljum við að fleiri keppendur hafi möguleika á því að keppa til bikarmeistara titils, en með því fyrirkomulagi sem nú er í gildi má segja að ef t.d. koma upp veikindi, keppnisferð til útlanda eða keppandi getur ekki tekið þátt í móti þá sé hann nánast úr leik hvað varðar keppni til bikarmeistara. Kynning á þessum breytingum var kynnt á formannafundi SKÍ í október 2008.

Skíðaráð Reykjavíkur SKRR  
Skíðadeild Breiðabliks  
Reykjavík, 31. mars 2009

### Reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum Um bikarmót

1. Bikarmót fallorðinna í svigi og stórsvigi skulu haldin fjórum sinnum á ári. Halda skal þrjú (3) bikarmót unglunga 13-14 ára og þrjú (3) bikarmót 15-16 ára, auk meistaramóts.
2. Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðilum sem eiga aðild að SKÍ og með gild keppnisleyfi. Í leikskrá og skýrslum þessara móta skal tilgreina hvaða félag eða byggðarlag keppandi keppir fyrir. Umsóknir um FIS-mót í héraði önnur en bikarmót (sem eru FIS-mót) skulu berast stjórn SKÍ fyrir 15. apríl ár hvert.
3. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við mótanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til mótanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal mótanefnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis.

**Vísað til:**  Alpagreinanefndar  Skíðagöngunefndar  Útbreiðslu- og fjárhagsnefndar

**Afgreiðsla:**  Samþykkt  Fellt

Þingskjal 2 er samþykkt samhljóða með tilliti til breytinga (sjá bls 10)

Þingskjölin eru því öll afgreidd.



**Ályktun 1** – Skíðaþing 2009 skorar á stjórn Skí að hlutast til um að setja á eitt mót sem ígildi meistarmóts í flokki 11 og 12 ára á miðjum vetri.

Samþykkt samhljóða - (komu upp athugasemdir eftir þing).

**Ályktun 2** - Alpagreinafundur skorar á alpagreinanevnd að boða til haustfundar til að leggja fram reglur um val í skilgreind verkefni og lið á vegum alpagreinanevndar sem og keppnisrétt á stórmótum. Það þarf að bjóða hjálfurum og formönnum á þennan fund til að ræða þessar reglur þannig að um það skapist friður.

Samþykkt samhljóða.

Umræða um ályktunina:

Daníel finnst þetta tengjast afreksstefnu SKÍ og þar að leiðandi félaganna – mætti boða til fundar um afreksstefnu – taka þetta fyrir þannig.

**Áskorun 3** - Hr. Björgvin Björgvinsson

Skíðaþing sendir þér hamingju óskir með árangur vetrarins, þakkar þér fyrir frábært framlag þitt til skíðaíþróttarinnar á Íslandi hvetur þig jafnframt til frekari dáða í framtíðinni.

Samþykkt með lófataki.

**Áskorun 2** - Leggur til að alpagreinafundur skori á skíðaþing um að hlutast til um að það verði stofnað foreldraráð yfir unglinga eða barnaflokkana. Skipaður verði einn fulltrúi frá hverju félagi sem fer inn í þessa nefnd. Fulltrúar beri saman bækur sínar.

Samþykkt með meirihluta atkvæða.

Áskoranir og ályktanir afgreiddar.

## 15. Kosningar

Fyrir þingingu liggur tillaga frá kjörnefnd. Liggur fyrir að formaður sé kosinn til eins árs og var *Daníel Jakobsson endurkjörinn*.

Í stjórn SKÍ ber að kjósa þrjá aðila (til tveggja ára), tilnefndir eru *Árni Rúðolfsson, Guðmundur Jakobsson og Páll Grétarsson*. Fyrir eru *Birgir Gunnarsson, Helgi Geirharðsson og Óskar Garðarsson*. Allir þessir aðilar kosnir með lófaklappi.

Í varastjórn voru tilnefndir *Kristján Vilhelmsson, Örn Kjartansson og Björn Gunnarsson*. Samþykktir með lófaklappi.

Endurskoðendur voru kosnir sem aðalmenn: *Björk Guðmundsdóttir og Guðmundur B. Guðmundsson*. Til vara: *Óskar Óskarsson og Daði Valdimarsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í skíðadómstól voru kosnir sem aðalmenn: *Jóhann Haukur Hafstein, Haukur Örn Birgisson og Gísli Einar Árnason*. Til vara: *Egill Jóhannsson, Björn Þór Ólason og Páll Grétarsson*. Samþykkt með lófaklappi.

### Fastanefndir: 12 nefndir

Í alpagreinaneftnd voru kosnir *Einar Þór Bjarnason, Ögmundur Knútsson, Arnar Gauti Reynisson og Haraldur Óskarsson*. Nefndin samþykkt með lófataki. *Guðmundur Jakobsson er stjórnarmaður í nefndinni*.

Í Skíðagöngunefnd voru kosnir þeir *Heimir Hansson, Jakob Einar Jakobsson og Ólafur Björnsson*. Samþykkt með lófataki.

Í Trimmneftnd voru kosnir þeir *Einar Yngvason, Heimir Hansson og Ingbór Bjarnason*. Óbreytt frá fyrra ári. Samþykkt með lófataki

Í Fræðslu- og útbreiðslunefnd voru þeir kosnir *Ólafur Björnsson, Hildigunnur Svavarsdóttir og Gunnar Reynisson*. Samþykkt með lófataki.

Í Mannvirkjanefnd voru kosnir þeir *Guðmundur Ingi Ásmundsson, Örn Kjartansson og Þorvaldur Egill Sigurðsson*. Samþykkt með lófataki.

Í Móta og aganefnd voru kosnir þeir *Óskar Óskarsson, Benedikt Hermannson og Kári Jóhannesson*. Samþykkt með lófataki.

Í Fjárhagsneftnd voru kosnir þeir *Óskar Garðarsson, Örn Kjartansson og Kristján Kristjánsson*. Samþykkt með lófataki.

Í Laga og reglugerðarneftnd voru kosnar þær *Auður Björg Sigurjónsdóttir, Ástvaldur Kristinsson og Margrét Guðmundsdóttir*. Samþykkt með lófataki.

Í öldunganefnd hefur ekki verið kostið síðustu ár – og verður ekki kosið hér. Ef vilji er fyrir að hafa hana þarf að taka það fyrir á næsta þingi.

Punktaformaður alpagreina var kosinn *Elmar Hauksson*. Samþykkt með lófataki.

Punktaformaður skíðagöngu var kosinn *Ólafur H. Björnsson*. Samþykkt með lófataki.

Í Sögunefnd var kosinn *Ólafur Sigurðsson*. Samþykkt með lófataki.

## 16. Önnur mál

Helgi Geirharðsson tekur til máls: ályktun um öryggismál komu fram á alpagreinafundum.

*Skíðaping skorar á rekstraraðila skíðasvæðanna að stuðla að bættu öryggi iðkenda með eftirfarandi hætti:*

- *aðgreina keppnis og æfingaleiðr frá almenningsleiðum með áberandi hætti svo sem girðingum og /eða öðrum merkingum.*
- *Samþykkt með lófataki*
- *Skíðaping vísar jafnframt tilmælum til SKÍ um að hlutast til um hönnun á merkingum æfinga- og keppnisleiða sem eru einfaldar og aðgengilegar bæði rekstrar aðilum skíðasvæðanna sem og þjálfurum í brekkur*

Auður Björg Sigurjónsdóttir tók til máls og kynnti samantekt frá málstofu um unglíngamál. Heyrðist að allir séu að hugsa á sömu nótum þ.e. að hafa áhyggjur af brottfalli unglínginga úr íþróttinni, vilji fá svokallaða Superpassa inná skíðasvæðin, hafa áhyggjur af einelti.

Auður ræðir ályktun um að gera meistaramót 11-12 ára – vill ekki að það verði gert frekar að það verði settar æfingarbúðir upp fyrir hópin. Bæði til að halda kostnaði niðri og líka til að hægt sé að klára veturinn hjá hverju félagi.

Viggó Jónsson tekur til máls: óskar ný kjörinni stjórn til hamingju með embættin, Bendir á nauðsyn á hreinskiptri umræðu. Telur að ekki náist árangur ef ekki er talað hreint út um hlutina. Nefndi einnig samþykktu ályktun til skíðasvæðanna varðandi gjaldtöku á lyftupössum – er báðum megin borðsins í því máli. Vill fleiri iðkendur á svæðin. Vill einnig að beint verði á hvað betur má fara í rekstrari skíðasvæðanna telur að ekki sé hægt að bæta starfið nema að fá að heyra hvað betur mætti fara.

Árni Sæmundsson – tekur til máls og byrjar á því að þakka fyrir þann tíma sem hann hefur átt með hreyfingunni. Vill sameiningu um mál sem koma okkur áfram.

Friðrik Einarson þingforseti þakkar fyrir gott og málefnalegt þing og góð samskipti á síðasta tímabili – er falið að fara fyrir afreksmál ÍSÍ – mikið verkefni framundan í því varðandi næstu ólympíuleika. Skíðaiðkun hefur aukist í vetur og eflst. Bendir á að það sé Ólympíuветur og gott er að nýta það tækifæri og vekja enn meiri athygli á íþróttinni.

### **17. Þingslit**

Daníel Jakobsson kom upp til að slíta þinginu. Þakkar fyrir gott þing og þakkar þingforseta og þingritara sín störf.

Vill uppræta við og þið orðalagið og tala um okkur öll í sama liði – þakkar ÍR og Víkingi fyrir að hýsa þingið. Klappað fyrir starfsfólkinu.

Upplýsir að þetta verður síðasta árið sem hann gegnir sem formaður SKÍ – búinn að vera í forystu síðan 1997. Er alveg harður á að halda því ekki áfram eftir árið.